

FRÉTTATILKYNNING

STRÁKAR LÍKLEGRI EN STELPUR TIL AÐ HITTA ÓKUNNUGA Áhættuhegðun Íslenskra barna á netinu

SAFT¹ stóð fyrir á árinu fyrir gerð könnunar á netnotkun barna og unglunga hér á landi. Markmið könnunarinnar er að afla upplýsinga um notkun barna og unglunga á netinu og nýta í kjölfarið þær upplýsingar til vitundarvakningar um möguleika netsins og örugga netnotkun barna og unglunga. Capacent Gallup sá um framkvæmd könnunarinnar og úrvinnslu niðurstaðna. Niðurstöður könnunarinnar verða kynntar enn frekar á næstu vikum. Meginviðfangsefni SAFT könnunarinnar er að kortleggja notkun barna og unglunga á netinu og öðrum skyldum miðlum. Sambærilegar kannanir undir merkjum SAFT hafa verið gerðar hér á landi árin 2003, 2007 og 2009 og líkt og áður voru nú lagðar spurningar fyrir bæði börn og foreldra. Framkvæmdin í ár var þó með töluvert breyttu sniði frá því áður og niðurstöðurnar því ekki fyllilega samanburðarhæfar við fyrri mælingar á öllum þáttum.

Áhættuhegðun

- Hluti SAFT könnunarinnar var tileinkaður áhættu á netinu og voru börnin spurð um ýmsa hegðun sem gæti talist áhættuhegðun s.s. að leita að nýjum vinum á netinu, hitta fólk augliti til auglitis sem þau kynntust fyrst á netinu og fara inn á vefsíður með ólöglegu efni eða hættulegu athæfi.
- Nokkuð algengt var að börnin leituðu að nýjum vinum á netinu en ríflega helmingur barnanna eða 52,7%, hafði einhvern tímann á sl. 12 mánuðum leitað að nýjum vinum á netinu. Tæplega 12% höfðu leitað að nýjum vinum tvisvar í viku eða oftar.
- Samtals hafði naumlega þriðjungur barna og unglunga á sl. 12 mánuðum bætt við/addað vinum sem þau höfðu aldrei hitt augliti til auglitis. Rúm 4% höfðu samþykkt nýja vini tvisvar í viku eða oftar á sl. 12 mánuðum.
- Rúmlega 22% höfðu einhvern tímann á sl. 12 mánuðum haft samband við einhvern sem þau höfðu ekki hitt í eigin persónu. Rúm 5% höfðu gert það tvisvar í viku eða oftar.
- Samanborið við fyrri SAFT kannanir höfðu mun færri börn látið sem þau væru einhver önnur en þau raunverulegu eru, sent mynd eða vídeó af sér til einhvers sem þau höfðu ekki hitt í eigin persónu eða sent persónulegar upplýsingar til einhvers sem þau höfðu ekki hitt í eigin persónu.
- Rúm 10% höfðu einhvern tíma á sl. 12 mánuðum látið sem þau væru önnur en þau raunverulega eru. Tæplega 9% höfðu sent mynd eða vídeó af sér til einhvers sem þau höfðu ekki hitt í eigin persónu og slétt 8% höfðu sent persónulegar upplýsingar t.d. fullt nafn, heimilisfang eða símanúmer til einhvers sem þau höfðu aldrei hitt augliti til auglitis.

¹ SAFT – Samfélag, fjölskylda og tækni, er vakningarátak um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun barna og unglunga á Íslandi. Verkefnið er hluti af Safer Internet Programme, aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun og er styrkt af framkvæmdastjórn ESB. Samningsaðili við ESB er Heimili og skóli – landssamtök foreldra, sem sér um að annast útfærslu og framkvæmd verkefnisins í formlegu samstarfi við ráðuneyti innanríkis, velferðar og mennta- og menningarmála, Rauða krossinn, Ríkislögreglustjóra og Barnaheill – Save the Children Iceland. SAFT er í samstarfi við önnur lönd í Evrópu og deilir með þeim upplýsingum, aðferðafræði og þekkingu. Markmiðið er að til verði sameiginlegur evrópskur sjóður þekkingar og aðferðafræði á þessu sviði sem styður hið jákvæða og spornar gegn neikvæðum hliðum upplýsingatækninnar. Nánari upplýsingar á www.saft.is.



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ



Rauði krossinn



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ



Barnaheill
Save the Children, Iceland



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Strákar líklegri en stelpur til að hafa hitt einhvern augliti til auglitis sem þeir kynntust fyrst á netinu

- Rúm 18% barna og unglunga höfðu einhvern tíma hitt einhvern í raun og veru sem þau höfðu fyrst kynnt á netinu. Hlutfallið er örlítið lægra en árið 2009 þegar tæp 21% barna hafði hitt einhvern í raun og veru sem þau kynntust fyrst á netinu.
- Annars má segja að hlutfall barna og unglunga sem hafa hitt einhvern sem þau kynntust fyrst á netinu hafi haldist nokkuð stöðugt í kringum 20% frá árinu 2003 þegar fyrsta SAFT mælingin fór fram.
- Strákar eru líklegri en stelpur til að hafa hitt einhvern í raun og veru sem þeir kynntust fyrst á netinu en tæplega 23% stráka sögðust hafa gert það á móti 14% stelpna. Í könnuninni kom í ljós að foreldrar stúlkna eru líklegri en foreldrar drengja til að setja reglur um samskipti við ókunnuga á netinu.
- Börnin eru líklegri til að hafa hitt einhvern í raun og veru sem þau kynntust fyrst á netinu eftir því sem þau eru eldri. Tæplega 32% 10. bekkinga sögðust hafa hitt einhvern í eigin persónu sem þau kynntust fyrst á netinu en 6% 4. bekkinga.

Hefur þú orðið fyrir því að einhver sem kynnti sig sem barn á netinu reyndist vera fullorðinn einstaklingur? – Svör barna og unglunga sem höfðu einhvern tíma hitt einhvern í raun og veru sem þau kynntust fyrst á netinu

- Þau börn sem höfðu hitt einhvern í raun og veru sem þau kynntust fyrst á netinu voru í kjölfarið spurð hvort þau hefðu orðið fyrir því að einhver sem kynnti sig sem barn á netinu reyndist vera fullorðinn einstaklingur. Rúm 6% þeirra barna sem höfðu hitt einhvern í raun og veru, sem þau kynntust fyrst á netinu, höfðu orðið fyrir því að einhver sem kynnti sig sem barn reyndist vera fullorðinn einstaklingur. Það gerir innan við 1% af heildarfjölda allra barna og unglunga sem tóku þátt í könnuninni.
- Þegar litið er til þróunar frá fyrri mælingum hefur þeim heldur fækkað frá 2009 sem hafa orðið fyrir því að einhver sem kynnti sig sem barn á netinu reyndist vera fullorðinn einstaklingur.

Hefur barnið þitt á síðastliðnum 12 mánuðum verið beðið eða beitt þrýstingi um að senda myndir af sér nöktu eða í ögrandi stellingum á netinu? – Svör foreldrar barna í 6.-10. bekk. - Hefur þú á síðastliðnum 12 mánuðum verið beðin/n eða beitt/ur þrýstingi um að senda myndir af þér nöktum/nakinni eða í ögrandi stellingum á netinu? – Svör barna í 6.-10. bekk

- Þegar foreldrar voru spurðir hvort barnið hafi verið beðið, eða beitt þrýstingi, um að senda mynd af sér nöktu eða í ögrandi stellingum á sl. 12 mánuðum svaraði aðeins 1 af hverjum 100 játandi.
- Þegar börnin voru hins vegar spurð hvort þau hefðu verið beðin eða beitt þrýstingi um að senda myndir af sér nöktu, svöruðu tæplega 7 af hverjum 100 játandi.

Stelpur líklegri en strákar til að hafa verið beðnar að senda mynd af sér nöktum eða í ögrandi stellingum

- Stelpur voru líklegri til að hafa verið beðnar að senda mynd af sér nöktum eða í ögrandi stellingum en strákar. Tæplega 11% stelpna svöruðu spurningunni játandi en aðeins 2,5% stráka.
- Að sama skapi voru eldri börn mun líklegri til að hafa verið beðin um að senda mynd af sér nöktum eða í ögrandi stellingum en yngri börn. Ríflega 14% 10. bekkinga sögðust hafa verið beðin um slíkt en innan við 1% barna í 6. og 7. bekk.

- Þegar börnin voru spurð hvort þau hefðu sent mynd af sér í ögrandi stellingum eða hálfnöktum til einhvers ákveðins viðtakanda á netinu svöruðu 2% barna í 6.- 10. bekk spurningunni játandi.
- Rétt rúmlega 1% barna í 6.-10. bekk hafði póstað/sett inn á netið mynd af sér í ögrandi stellingu eða hálf nöktu.

Eldri börn eru líklegri en yngri börn til að fara inn á vefsíður með efni sem hvetur til áhættu hegðunar

- Börnin voru að lokum spurð hvort þau hefðu farið inn á vefsíður þar sem rætt var um reynslu af því að taka inn eiturylf, rætt með hatursfullum hætti í garð ákveðinna hópa eða einstaklinga eða rætt um leiðir til þess að verða mjög grannur.
- Slétt 5% barna í 6.- 10. bekk höfðu á sl. 12 mánuðum farið inn á vefsíður þar sem reynsla af því að taka inn eiturylf var rædd og voru 10. bekkingar töluvert líklegri til þess en börn í yngri bekkjum.
- Rúmlega 7% barna í 6.-10. bekki höfðu á sl. mánuðum farið inn á vefsíður með hatursfullum eða andstyggilegum skilaboðum í garð ákveðinna hópa eða einstaklinga, og eru elstu börnin líklegri til þess en yngri börn.
- Slétt 9% barna í 6.-10. bekk höfðu á sl. 12 mánuðum farið inn á vefsíður þar sem ræddar voru leiðir til þess að verða mjög grannur (t.d. fjallað um átraskanir eins og anorexíu eða lotugræðgi/búlemíu). Stelpur voru líklegri en strákar til að hafa farið inn á slíkar vefsíður en 12% stelpna höfðu gert það á móti 5% stráka. Jafnframt voru eldri börn líklegri en yngri börn til að hafa farið inn á slíkar vefsíður.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Í TEXTA OG MYNDUM Í MEÐFYLGJANDI PDF SKJALI.

Nánari upplýsingar um SAFT könnunina veita:

- Guðberg K. Jónsson, verkefnisstjóri SAFT (guðberg@saft.is) s. 516 0100
- Jóna Karen Sverrisdóttir, Capacent Gallup (jona.sverrisdottir@capacent.is) s. 540 1000
- Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla (hrefna@heimilioskoli.is) s. 516 0100